



UMHVERFISSTOFNUN

Snæfellsbær  
Lúðvík Ver Smárason  
Snæfellsási 2  
360Snæfellsbær

Reykjavík 26. febrúar 2015  
UST201502-654/M.I.K.  
UST201502-654

**Efni: Beiðni um umsögn Umhverfisstofnunar um staðsetningu á bílastæði á gamla þjóðvegnum við Stapafell.**

Vísað er í bréf frá Snæfellsbæ dags. 19. nóvember 2014 þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar vegna bílastæðis sem áhugi er fyrir að gera á gamla þjóðvegnum við Stapafell að austanverðu. Í bréfinu kemur fram að um svæði sé að ræða sem áður hefur verið raskað.

Svæðið sem um ræðir var áður vegstæði og því raskað. Lagfæring á því hefur hins vegar tekist vel og hefur landið verið að jafna sig síðustu ár. Í dag sér vart móta fyrir veginum. Þegar ekið er eftir vegi nr. 574 í vesturátt blasir Stapafell við. Undir því yrði fyrirhugað bílastæði. Það myndi verða mjög áberandi í rótum fjallsins og hafa áhrif á upplifun fólks sem ekur veginn.

**Niðurstaða:**

Mat Umhverfisstofnunar er að gamli vegurinn sé vart sýnilegur lengur og svæðið beri ekki mikil merki þess að vera raskað. Bílastæði á umræddum stað hefði neikvæð áhrif á upplifun fólks sem er á ferð um svæðið.

Benda má á að nokkru innar í landinu og nær Jökulhálsi eru svæði sem Umhverfisstofnun telur ekki síður vænleg til að gera bílastæði og sjónræn áhrif vegna þeirra yrðu minni.

Beðist er velvirðingar á hversu dregist hefur að svara erindinu.

Virðingarfyllst

Guðbjörg Gunnarsdóttir  
Þjóðgarðsvörður

Björn Stefánsson  
Sérfræðingur